

8. fundur Skólaráðs Grunnskóla Grindavíkur,  
25. apríl 2012 kl. 17.30.

**Mættir voru:** Guðjóna Breiðfjörð, Sigríður Fjóra Benónýsdóttir, Jóhannes Gunnar Sveinsson, Halldóra K. Magnúsdóttir og Pálmi Ingólfsson. Matthildur Þorvaldsdóttir, Viktoría Róbertsdóttir og Sigurður Kristmundsson boðuðu forföll Lárus Guðmundsson og Nökkvi Harðarson boðuðu ekki forföll.

### **Dagskrá:**

Við byrjum á því að bjóða nýjan skólastjóra Halldóru K. Magnúsdóttur velkomna til starfa.

### **Úttekt menntamálaráðuneytis – Farið yfir samantekt – Spurningar.**

Mjög margir foreldrar sem búið var boða í viðtöl komu svo ekki.

Vantar nánari upplýsingar hvers er ætlast til af starfshóp vegna úttektar á starfssemi GG. 27. maí er áætlað að umbótaáætlun sé klár.

### **Rammafjárveitingar og fjárhagsleg ábyrgð á skólastarfi Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2012-2013. Skólastjóri kynnir.**

Skólaráð hefði viljað fá að vita af niðurskurðinum sem verður hjá GG, höfum við ekkert um þetta að segja?

### **Opinn fundur skólaráðs fyrir aðila skólasamfélagsins?**

Gott að við hugleiðum hvernig við viljum hafa þennan fund og komum með tillögur. En hlutverk skólaráðs er að vera ráðgjafi og vera styðjandi. Gott að virkja Skólaráð inni þessa umbótavinnu.

### **Önnur mál**

Rætt um hvort greiða eigi fyrir setu í Skólaráði, gæti jafnvel verið virkara ef svo væri. Fundirnir eru kl. 17.30 og sumir er að taka sér frí úr vinnu til að mæta á fundi.

Fundi slitið kl. 18.40